

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

41. fundur.

að Hlíðavegi 6, 10. júlí 2008, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Kórastefnu ofl. frestað á fundi 25. júní.
3. Erindi frá Ottó P. Arnarsyni.
4. Uppsögn.
5. Erindi frá Unglingadeildinni Mývörgum, ósk um styrk vegna áheitasunds.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 27. júní.

Bréf Péturs Snæbjörnssonar dags. 26. júní.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 22. maí.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 5, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Kórastefnu ofl. frestað á fundi 25. júní.

Erindinu var frestað á fundi 25. júní.
Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 150. þús.

3. Erindi frá Ottó P. Arnarsyni.

Borist hefur bréf dags. 24. júní, frá Ottó P. Arnarsyni þar sem hann óskar eftir að dóttir hans Arna Þóra fái notið sömu réttinda vegna leikskólavistunar og hingað til. Tildrög málsins er að Arna Þóra flytjast úr sveitarfélaginu ásamt móður sinni. Um sameiginlegt forræði verður að ræða og mun hún því dveljast hjá föður sínum tvær vikur í hverjum mánuði. Lögum samkvæmt getur hún ekki á lögheimili nema á einum stað og ætti því ekki að njóta niðurgreiðslu á leikskólavistun eins og önnur lögheimilisbörn.
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu á meðan laust pláss er í leikskólanum.

4. Uppsögn.

Borist hefur uppsagnarbréf frá Þórdísi Jónsdóttur, þar sem hún segir starfi sínu við skúringar á leikskóla og skrifstofu lausu.

5. Erindi frá Unglingadeildinni Mývörgum, ósk um styrk vegna áheitasunds.

Borist hefur erindi frá Nönnu Kristjánsdóttur f.h. Unglingadeildarinnar Mývarga, þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við áheitasund sem fyrirhugað er að synda fimmtudaginn 10. júlí á milli Álftavogs og Helgavogs.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Mývargana um kr. 30. þús.
Kristján og Ingunn tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.